

1874.

28. febrúar.

22. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um styrk handa jarðyrkjumanni.

Í bréfi, dagsettu 2. dag desbrm. f. á., hafið þér, herra landshöfðingi, farið fram á, að stjórnarráðið hlutist til um, að hið konunglega landbústjórnarfélag veiti nú, einsog á árinu sem leið, 100 rd. styrk til launa handa jarðyrkjumanni Sveini Sveinsyni, fyrir að ferðast um Ísland og segja mönnum þar til í jarðyrkju.

Eftir að vèr höfum skrifazt á útaf þessu við hið konunglega danska landbústjórnarfélag, gefum vèr yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til frekari framkvæmda, að tæð félag hefir enn fyrir þetta ár ályktað að veita 100 rd. styrk til þess, sem getið var, og veitum vèr yður vald til, að láta borga yður fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands, svo sem útgjald fyrir hönd aðalféhirzlunnar hèr í borginni.

Jafnframt þessu leiðum vèr eigi hjá oss, í tilefni af bréfi yðar, dagsettu 4. desbrm. f. á., að gefa yður til vitundar, að félagið hefir tilkynnt stjórnarráðinu, að enn hafi eigi heppnast að fá mann, sem væri fallinn til þess hann yrði sendur til Íslands, til þess að standa fyrir vatnsveitingum í suðurumdæminu, en öll von væri ekki úti um að það mætti takast.

28. febrúar.

23. Bréf dómsmálastjórnarinnar til Deildar hins íslenska bókmentafélags í Kaupmannahöfn, um styrk til að gefa út Tíðindi um stjórnamálefni Íslands.

Það skal hërmeð tilkynnt Deild hins íslenska bókmentafélags í Kaupmannahöfn, að stjórnarráðið hefir veitt felaginu 150 rd. styrk til að gefa út »Tíðindi um stjórnamálefni Íslands« og að í dag hefir verið hlutazt til um, að fè þetta verði greiðt fèhirði

félagsins Oddgeiri Stephensen, stjórnardeildar forstjóra, úr aðal- 1874.
fæhirzlu ríkisins. Því skal við bætt, að félagið má búast við að 28. febrúar.
fá enn fremur styrk til þessa fyrir yfirstandandi ár, sem samsvari
tímanum til 31. júlí, að því leyti, sem tekið verður jafnmikið í
tíðindin og áður.

24. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans 28. febrúar.
yfir Íslandi, um yfirgang útlendra.

Með bréfi 31. oktbr. f. á. hafið þér, herra landshöfðingi, sent
hingað útskrift af dómabók Suðurmúlasýslu, um próf nokkurt
viðvíkjandi því, að brotið hafði verið gegn tilskipun 12. febrúar
1872 um fiskiveiðar útlendra við Ísland o. fl.; útaf þessu hefir
dómsmálastjórnin skrifað utanríkisstjórninni og mælt til, að
hún hlutaðist til um, að kærur þessar yrði bornar upp fyrir ensku
stjórninni, og jafnframt farið fram á við sjóliðsstjórnina, að danska
herskipið við Ísland mætti taka stöðvar við Austfirði svo sem 2
eða 3 vikur í ágústm. og septbrm., áður enn það sigldi burt frá
Íslandi, og höfum vèr nú fengið svar sjóliðsstjórnarinnar í bréfi,
sem vèr nú sendum yður eptirrit af.¹⁾

Þetta skal yður hærmeð til vitundar gefið, yður til leið-
beiningar og til þess þér birtið það.

25. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans 28. febrúar.
yfir Íslandi, um styrk til þess að gefa út stjórnarbréf.

Með bréfi, dagsettu 9. oktbrm. f. á., hafið þér, herra lands-

¹⁾ Sjá neðanmálsgreinina við 11. bréfið hér að framan.